# 227. fundur íþrótta- og tómstundanefndar haldinn í fundarsal bæjarstjórnar í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði, miðvikudaginn 20. október 2021 og hófst hann kl. 08:15.

**Fundinn sátu:**
Elísabet Samúelsdóttir varaformaður, Gylfi Ólafsson aðalmaður, Guðný Stefanía Stefánsdóttir formaður og Sævar Þór Ríkarðsson varamaður.
**Embættismenn:**
Hafdís Gunnarsdóttir, sviðsstjóri skóla- og tómstundasviðs.

**Fundargerð ritaði:** Hafdís Gunnarsdóttir, sviðsstjóri skóla- og tómstundasviðs.

Karen Gísladóttir boðaði forföll og kom enginn í hennar stað.

**Dagskrá:**

1. **Fyrirspurn til HSV v. afgreiðslu ofbeldismála - 2021090002**

   Lagt fram svar frá HSV vegna fyrirspurnar Karenar Gísladóttur, nefndarmanns íþrótta- og tómstundanefndar, um afgreiðslu ofbeldismála innan aðildarfélaga HSV.

   *Lagt fram til kynningar.*

2. **Fyrirspurn varðandi fjölnota knattspyrnuhús - 2021090074**

   Lagt fram minnisblað Birgis Gunnarssonar, bæjarstjóra, sem svar við fyrirspurn Guðnýjar Stefaníu Stefánsdóttur, formanns íþrótta- og tómstundanefndar, um fjölnota knattspyrnuhús á Ísafirði.

   *Íþrótta- og tómstundanefnd þakkar fyrir svörin. Fulltrúar meirihlutans í nefndinni leggja áherslu á að málið verði í forgangi innan bæjarkerfisins.*

3. **Hjólastefna Ísafjarðarbæjar - 2021090058**

   Lögð fram drög að hjólastefnu Ísafjarðarbæjar sem íþrótta- og tómstundanefnd fól Gylfa Ólafssyni að vinna, fyrir hönd nefndarinnar.

   *Íþrótta- og tómstundanefnd vísar hjólreiðaáætluninni til bæjarráðs til umfjöllunar. Jafnframt vísar nefndinn skýrslunni inn í vinnu við nýtt aðalskipulag Ísafjarðarbæjar. Framgangur stefnunar yrði mikið heillaskref fyrir Ísafjarðarbæ.*

4. **Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2020-2032 - 2020070011**

   Lagðir fram til endurskoðunar kaflar úr núgildandi Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar sem snúa að íþrótta- og tómstundamálum.

   *Íþrótta- og tómstundanefnd felur starfsmanni að vinna málið áfram.*

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 09:45**

Elísabet Samúelsdóttir

Gylfi Ólafsson

Guðný Stefanía Stefánsdóttir

Sævar Þór Ríkarðsson

Hafdís Gunnarsdóttir